

Búnaðarbanki Íslands hf. - Fyrirtækjafréttir
Fjármálaeftirlitið samþykkir kaup á kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands

Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt fyrirhuguð kaup Eglu hf., Eignarhaldsfélags-ins Samvinnutrygginga, Samvinnulífeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands á kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Samkomulag var um að afhending og greiðsla hlutabréfa yrði tvískipt og ætla kaupendur að greiða fyrri hlutann í þessari viku, til að öðlast atkvæðisrétt á aðalfundi Búnaðarbankans á laugardaginn kemur.

Í niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins koma fram málefnalegar athugasemdir sem kaupendahópurinn hefur tekið ákvörðun um að samþykkja fyrir sitt leyti, m.a. að kaupendur skuldbinda sig til þess að tilkynna Fjármálaeftirlitinu með nægjanlegum fyrirvara um tímasetningu fullra aðilaskipta að hinum seldu hlutum í bankanum og að allur hinn keypti eignarhlutur verði falinn einu eignarhaldsfélagi, komi til þess að hinn virki eignarhlutur fari upp fyrir 33,3% af heildarhlutafé bankans. Jafnframt skuldbinda hluthafar Eglu hf. sig til þess að viðhalda a.m.k. 30% eiginfjárlutfalli í félaginu, sem og sinna viðvarandi upplýsingaskyldu til Fjármálaeftirlitsins. Sama ákvæði gildir um upplýsingaskyldu Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga en Vátryggingafélag Íslands hf. og Samvinnulífeyrissjóðurinn sæta þegar eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Samkvæmt kaupsamningnum við íslenska ríkið, sem undirritaður var 16. janúar sl., skulu 27,48% hlutafjár í bankanum afhent í kjölfar undirritunar kaupsamnings, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Það sem eftir er, 18,32% hlutafjárins, skulu afhent eigi síðar en 20. desember 2003. Samkvæmt samningnum eiga kaupendurnir rétt á 30 daga greiðslufresti vegna uppgjörs á hlutnum sem nú kemur til afhendingar en þeir ætla ekki að nýta þann greiðslufrest. Er stefnt að því að greiða fyrir þessa eignahluti síðar í vikunni, þannig að kaupendur geti beitt áhrifum sínum á aðalfundi bankans á laugardaginn kemur, 22. mars 2003.

Eitt af fyrstu verkefnum fulltrúa kaupenda í stjórn Búnaðarbanka Íslands hf. verður að hafa forgöngu um að styrkja starfsreglur bankans í því skyni að takmarka hættu á hagsmunaaárekstrum.

Nánari upplýsingar gefur Ólafur Ólafsson, talsmaður kaupendanna og stjórnarformaður Eglu hf., í síma 693-8333.

Viðhengi:
[EGLA-ákvörðun FME-170303- v. BÍ.doc](#)